



10. mars 2023
Tilv.: 2302125

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
nefndasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fasteignalán til neytenda, nr. 118/2016 (framsal kröfuréttar), 70. mál.

Með tölvupósti, dags. 24. febrúar 2023, óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um breytingu á lögum um fasteignalán til neytenda, nr. 118/2016 (framsal kröfuréttar), 70. mál.

Með frumvarpinu er lagt til að á eftir 16. gr. a laganna komi ný grein 16. gr. b, ásamt fyrir sögn, svohljóðandi:

„Framsal réttar.

Eflánveitandi framselur kröfurétt sinn til þriðja aðila samkvæmt lánessamningi, eða samninginn sjálfan, á neytandi rétt á því að halda uppi sömu mótbárum gegn framsalshæfa sem hann gat nýtt sér gagnvart upphæflegum lánveitanda, þ.m.t. rétt til skuldcjafnaðar. Upphæflegur lánveitandi skal upplýsa neytanda um framsal sem um getur í 1. mgr. nema þegar upphæflegur lánveitandi heldur áfram lánsþjónustu sinni við neytanda með samkomulagi við framsalshæfa.“

Ennfremur er lagt til að á eftir 10. tölul. 1. mgr. 53. gr. laganna komi nýr tölulíður, svohljóðandi:

„16. gr. b um skyldu lánveitanda til að upplýsa neytanda um framsal réttar.“

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að ákvæði 1. gr. þess sé samhljóða ákvæði 19. gr. laga nr. 33/2013 um neytendalán og tilgangur frumvarpsins sé að færa ákvæði laga nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda varðandi réttindi og skyldur aðila í tengslum við framsal lánveitanda á kröfuréttindum samkvæmt lánessamningi til samræmis við ákvæði laga nr. 33/2013. Lög nr. 33/2013 hafi fyrir setningu laga nr. 118/2016 einnig náð til fasteignalána, en við setningu síðarnefndu laganna hafi fasteignalán verið færð undan lögum nr. 33/2013 án þess að ákvæði sambærilegt 19. gr. þeirra væri að finna í nýju lögnum. Tilgangur frumvarpsins sé að bæta úr þeim ágalla og tryggja réttindi neytenda í tengslum við framsal kröfuréttinda samkvæmt samningum um fasteignalán til neytenda.

Seðlabankinn vill vekja athygli á því að í frumvarpinu er ekki gerð grein fyrir áhrifum þess á, og samspili við, gildandi rétt og þjóðréttarlegar skuldbindingar Íslands sem leiða af EES-samningnum. Í því sambandi telur Seðlabankinn rétt að gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

Í fyrsta lagi er sérstaklega tekið fram í greinargerð við 19. gr. laga nr. 33/2013 um neytendalán að ákvæðið sé frávik frá almennum reglum kröfuréttar og sé innleiðing á 17. gr. tilskipunar [2008/48/EB](#) um lánasamninga fyrir neytendur. Með lögum nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda var innleidd tilskipun [2014/17/ESB](#) um lánsamninga fyrir neytendur í tengslum við íbúðarhúsnæði og hefur sú tilskipun ekki að geyma ákvæði sambærilegt 17. gr. tilskipunar 2008/48/EB.

Í öðru lagi er tilskipun 2014/17/ESB hluti af stærra EES-regluverki og spilar m.a. saman við tilskipun [\(ESB\) 2019/2162](#) og reglugerð [\(ESB\) 2019/2160](#) um sértryggð skuldabréf sem voru innleiddar með lögum nr. 7/2023 um breytingu á lögum um sértryggð skuldabréf og lögum um fjármálafyrirtæki, reglugerð [\(ESB\) 2017/2402](#) um verðbréfun, sem til stendur að taka upp í EES-samninginn, og reglugerð [\(ESB\) 2015/2365](#) um gagnsæi í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og endurnotkun, en fyrir Alþingi liggur nú [frumvarp](#)¹ til innleiðingar á henni.

Seðlabankinn getur því að svo stöddu ekki stutt framgang frumvarpsins og telur nauðsynlegt að metin verði áhrif þess á, og samspil við, m.a. viðskiptabréfareglur, almennar reglur kröfuréttar og þjóðréttarlegar skuldbindingar Íslands sem leiða af EES-samningnum.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Rannveig Júníusdóttir
framkvæmdastjóri
skrifstofa bankastjóra

Guðrún Finnborg Þórðardóttir
forstöðumaður
skrifstofa bankastjóra

¹ *Frumvarp til laga um fjármögnunarviðskipti með verðbréf, 588. mál.*

Fullgild rafræn undirskrift

Guðrún Finnborg Þórðardóttir

10.03.2023 15:20

Fullgild rafræn undirskrift

Rannveig Júníusdóttir

10.03.2023 17:51